

Starfsleyfi fyrir aflþynnuverksmiðju Becromal Iceland í Krossanesi, Akureyri kt. 590207-0120

Gefið út af Umhverfisstofnun í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og reglugerðar nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

1 ALMENN ÁKVÆÐI

1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Becromal Iceland ehf. kt. 590207-0120, til reksturs aflþynnuverksmiðju í Krossanesi, Akureyri. Becromal Iceland ehf. er hér eftir nefndur rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstrinum getur hann sótt um til Umhverfisstofnunar að starfsleyfið verði fært yfir á hann, án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi, sbr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum.

1.2 Umfang starfseminnar

Rekstraraðila er heimilt að framleiða allt að 2200 tonn eða sem nemur 10.800.000 m² af aflþynnum fyrir rafmagnspétta á ári hverju, með rafhúðun í 90 m³ kerjum. Framleiðslan fer fram í allt að 64 vélasamstæðum í 6000 m² verksmiðjuhúsnæði í Krossanesi við Eyjafjörð. Rekstraraðili hefur einnig heimild til þökkunar og reksturs verkstæðis og annarrar þjónustu við starfsemi sína. Rekstraraðili hefur heimild til að framleiða ammóníumfosfat sem hliðarafurð úr vothreinsun.

1.3 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu. Rekstraraðili skal nota bestu fáanlegu tækni (BAT) við mengunarvarnir og nýta orku vel. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færist á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal halda neikvæðum heildaráhrifum á umhverfið í lágmarki (samþættar mengunarvarnir). Besta fáanlega tækni hefur verið skilgreind í „Reference Document on Best Available Techniques for the Surface Treatment of Metals and Plastics, August 2006“ og einnig skal hafa hliðsjón af „Guidance for the Surface Treatment of Metals and Plastics by Electrolytic and Chemical Processes, Sector Guidance Note IPPC S2.07, September 2004“. Verði breytingar á bestu fáanlegu tækni skulu þær taka gildi og innleiddar samkvæmt ákvæðum í grein 1.8.

1.4 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita Umhverfisstofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á atvinnurekstrinum með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 18. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar

Verði rekstri verksmiðjunnar eða verulegs hluta hennar hætt tímabundið eða varanlega skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi sé fargað á viðurkenndan hátt. Ganga skal frá húsnæði, búnaði, tækjum og efnum í samræmi við fyrirfram gerða áætlun. Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar skal skila til Umhverfisstofnunar eigi síðar en tólf mánuðum eftir gildistöku starfsleyfis þessa. Tilkynna skal eftirlitsaðila um fyrirhugaða stöðvun rekstrar með minnst

mánaðar fyrirvara og um þær ráðstafanir sem gripið er til í þeim tilgangi að halda umhverfisáhrifum stöðvunarinnar í lágmarki.

1.6 Endurgangsetning rekstrar

Tilkynna skal eftirlitsaðila áður en verksmiðjan eða verulegur hluti hennar er tekinn í notkun aftur ef starfsemin hefur legið niðri í meira en mánuð.

1.7 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið að jafnaði á fjögurra ára fresti sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Komi í ljós við endurskoðun að nauðsynlegt reynist að gefa út nýtt starfsleyfi skal fara eftir þeim reglum sem gilda um ný starfsleyfi.

Við endurskoðun skal rekstraraðili leggja fram til Umhverfisstofnunar skýrslu um árangur við að nýta orku vel sbr. gr. 1.3.

1.8 Breyttar forsendur

Ef mengun af völdum starfseminnar er meiri en gert var ráð fyrir við gerð starfsleyfisins, fram koma nýjar reglur um mengunarvarnir, eða ef breytingar verða á bestu fánlegu tækni, skal rekstraraðili hrinda í framkvæmd tímasettri áætlun um að draga úr mengun eins og kostur er í samráði við Umhverfisstofnun. Ef áætlunin skilar ekki tilætluðum árangri getur Umhverfisstofnun krafist frekari aðgerða til úrbóta og endurskoðunar starfsleyfisins sbr. 21. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Rekstraraðili skal sækja um nýtt starfsleyfi ef nauðsyn krefur að mati Umhverfisstofnunar, skv. 2. mgr. 18. gr. reglugerðarinnar.

1.9 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði XI. kafla reglugerðar nr. 785/1999, og upplýsingum um mengunareftirlit í samræmi við VI. kafla reglugerðar nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit.

2 VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

HRÁEFNI

2.1 Hráefnageymsla

Hámarks magn efna á lager skal vera skv. eftirfarandi töflu:

Efni	Hámarks magn efna á lager (tonn)
Lífræn sýra, min. 88%	12
Saltsýra (HCl), 33-37%	155
Vítissóði (NaOH), 50%	200
Fosfórsýra (H ₃ PO ₄), 75%	205
Brennisteinssýra (H ₂ SO ₄), 50%	90
Ammóníumhýdroxíð (NH ₄ OH), 25%	60
Bórsýra (H ₃ BO ₃)	12
Kvikasilfur (Hg), 100%	0,01

Einnig er heimilt að geyma allt að 260 tonn af álfosfati, Al(H₂PO₄)₃, sem fellur til sem aukaafurð í framleiðslunni.

2.2 Meðhöndlun efna og flutningur hráefna

Öll geymsla hráefna og framleiðsluvöru utan dyra skal vera á afgirtu svæði þar sem aðgangur óviðkomandi er bannaður. Fljótandi hráefni skulu vera á geymum með árekstravörn. Flutningar hráefna skulu skipulagðir og fyrirfram skilgreindir til að fyrirbyggja óþarfa losun eða mengunarslys. Við hönnun og frágang geymslusvæðis skal taka tillit til eðlis viðtaka, magns og eðlis skólps, lekavarna og yfirfalls vegna ofanvatns.

LOFT

2.3 Vothreinsun

Rekstraraðili skal gera ráð fyrir að hægt sé að koma fyrir vothreinsunarbúnaði til að fjarlægja ammóníakgas yfir rafhúðunarböðum. Eftirlitsaðili getur mælt fyrir um uppsetningu slíks búnaðar í samræmi við niðurstöður eftirlits, kvartanir eða vöktunarmælingar, að teknu tilliti til losunarmarka í grein 2.4.

2.4 Losunarmörk fyrir ammóníak og önnur lyktarmengun

Hámarksstyrkur ammóníaks í útblæstri frá verksmiðjunni miðast við 10 ppm. Rekstraraðili skal koma í veg fyrir lyktarmengun í umhverfi verksmiðjunnar.

VATN

2.5 Fráveita

Vatn skal endurnýta eins og kostur er. Fráveitur skulu vera í samræmi við kröfur í reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólp, og ákvæði í lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, og þannig að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns. Þar sem unnið er með olíur skal fráveita eftir því sem kostur er vera lokuð. Forvarnir gegn olíumengun skulu vera samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 35/1994, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

2.6 Frárennsli

Frárennsli sem getur innihaldið olíu eða önnur olíukennd efni skal leitt um sandsíur í olíuskilju. Styðjast skal við gildandi staðla um olíuskiljur varðandi frágang, eftirlit og viðhald. Stærð og gerð olíuskilja skal miðast við að olía í fráveituvatni sé að hámarki 15 mg/l. Aðstaða skal vera til að taka sýni af fráveituvatni þar sem það kemur úr olíuskilju.

2.7 Kælivatn og yfirborðsvatn

Kælivatn skal vera sjór og heimilt er að leiða hann beint aftur í Eyjafjörðinn. Yfirborðsvatn frá svæðum þar sem líklegt er talið að mengunarefni geti borist í vatnið skal leitt um sandsíur og olíuskiljur. Útskolunarpróf skal a.m.k. einu sinni fara fram á sandi úr sandsíum áður en urðun hans hefst þannig að tryggt sé að um óvirkan úrgang sé að ræða. Eftirlitsaðili getur farið fram á endurtekningar á slíku prófi á starfsleyfistímanum sé ástæða til.

2.8 Losunarmörk fyrir fráveitu

Hámarkslosun, mæld sem sólarhringsmeðalgildi, skal vera eftirfarandi:

Uppleyst lífrænt efni (mælt sem COD)	500 mg/L
Svifagnir	220 mg/L
Kvikasilfur	0,05 mg/L
Sýrustig (pH)	6,5 – 9,5

Öll losun í fráveitu þarf einnig samþykki Akureyrarbæjar. Áætlun um losun annara efna er í viðauka.

ÚRGANGUR

2.9 Almenn

Rekstraraðili skal skrá allan úrgang sem til fellur við framleiðsluna, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 184/2002, um skrá yfir spilliefni og annan úrgang. Stuðla skal að nýtingu endurnýtanlegs hluta úrgangs.

2.10 Annar úrgangur

Annan úrgang, sorp og umbúðir skal endurvinna eða skila á viðurkennda móttökustöð fyrir úrgang. Urðun og/eða brennsla hvers konar úrgangs á verksmiðjussvæðinu er óheimil.

2.11 Spilliefni

Spilliefnum, sem verða til við vinnsluna eða starfsemi henni tengdri og ekki fara til endurvinnslu á vegum fyrirtækisins, skal skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku. Útflutningur spilliefna, þar með talið kvikasilfurs, skal fara fram í samræmi við alþjóðlega samninga sem Ísland á aðild að.

ANNAÐ

2.12 Hávaði

Rekstraraðili skal draga úr hávaða eins og kostur er og tryggja að hávaði frá starfseminni sé í samræmi við töflu III og önnur ákvæði reglugerðar nr. 724/2008, um hávaða. Hávaði við húsvegg utan vinnusvæðis rekstraraðila skal ekki fara yfir 70 dB(A) L_{Aeq} á iðnaðarsvæði og 55 dB(A) L_{Aeq} í íbúðabyggð.

2.13 Efnanotkun rekstraraðila og losun efna í sjó

Rekstraraðili skal yfirfara efnanotkun sína með tilliti til bestu fánlegrar tækni. Skýrslu um möguleika rekstraraðila á notkun greiðlega lífbrotgjarnra efna í stað EDTA og öðrum ráðstöfunum til að takmarka losun til sjávar skal skila til Umhverfisstofnunar fyrir 1. júlí 2011.

Umhverfisstofnun skal fara yfir skýrsluna með rekstraraðila og skal efnanotkun hagað samkvæmt ákvörðun Umhverfisstofnunar að yfirferð lokinni. Umhverfisstofnun getur samþykkt að annað efni en EDTA sé notað með tilliti til niðurbrots þess, magnnotkun og áhrifa þess á umhverfið.

2.14 Skráning efna, leyfisveitingar og mat

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt lögum nr. 45/2008 um efni og efnablöndur. Þannig skal rekstraraðili sjá til þess að öll efni sem notuð eru eða framleidd séu skráð og uppfylli ákvæði reglugerðar nr. 750/2008, um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni („REACH“), sbr. þó þær undantekningar um skráningar sem þar gilda.

3 INNRA EFTIRLIT REKSTRARAÐILA

3.1 Mælingar og upplýsingagjöf

Samfelld vöktun skal vera með sjálfvirkum greiningarbúnaði á styrk fosfórs, pH-gildum og leiðni frárennslis. Vinna skal tölfraedi úr þessum gögnum og skila til Umhverfisstofnunar í umhverfisskýrslu sbr. gr. 5.3. Mæla skal heildarlosun mengandi efna í frárennsliverksmiðjunnar í samvinnu við eftirlitsaðila fjórum sinnum á ári og á mismunandi árstímum. Hver mælingaröð skal ná yfir a.m.k. einn sólarhring. Mæla skal uppleyst lífrænt efni (mælt sem COD) og svifagnir. Mæla skal kvikasilfur í frárennslis sbr. kröfu í gr. 2.8, á 5 ára fresti og skal fyrsta mæling af því tagi skal fara fram fyrir árslok 2011. Mæla skal olíu í fráveitu a.m.k. einu sinni á starfsleyfistíma. Eftirlitsaðili getur farið fram á mælingar á hljóðstigi og styrk ammóníaks.

3.2 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa eftirlit með rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal reglulega upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- Viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarna- og vöktunarbúnaði.
- Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
- Tæmingu olíugildra og sandsía ásamt staðfestingu á förgun efnis úr þeim.
- Niðurstöður mengunarmælinga sem krafist er samkvæmt grein 3.1.
- Prófun og kvörðun mælibúnaðar.
- Efnainnihald hráefna og eldsneytis.
- Magn og tegund úrgangs, þ.m.t. kvikasilfurs, sem fer til endurnýtingar/endurvinnslu eða förgunar sbr. gr. 2.10 og 2.11.
- niðurstöður hávaðamælinga ef eftirlitsaðili hefur farið fram á þær.

3.3 Framkvæmd mælinga

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinga sem kveðið er á um í starfsleyfi þessu.

3.4 Grænt bókhald og útstreymisbókhald

Rekstraraðili skal færa grænt bókhald í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002, um grænt bókhald. Rekstraraðili skal færa útstreymisbókhald í samræmi við reglugerð nr. 990/2008, um útstreymisbókhald.

Skila skal niðurstöðum árlega í samræmi við ákvæði viðeigandi reglugerða.

4 EFTIRLIT, STARFSHÆTTIR OG UMHVERFISMARMIÐ

4.1 Starfshættir

Rekstraraðili skal kappkosta að dregið verði sem mest úr því álagi á umhverfið sem starfsemi verksmiðjunnar veldur, þ.m.t. starfshættir, hávaði, öll meðferð úrgangs og förgun. Rekstraraðili skal stuðla að góðri nýtingu efna og orku og því að losun mengunarefna frá verksmiðjunni verði eins lítil og kostur er.

4.2 Samskipti

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum fyrirtækisins og framkvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við þennan aðila utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur.

4.3 Umhverfisstjórnun og markmið

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ÍST EN ISO 14001:2004 eða þátttöku í umhverfismálakerfi ESB sbr. reglugerð nr. 990/2005, um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi bandalagsins (EMAS), eða starfa samkvæmt eigin kerfi.

4.4 Áhættumat og viðbragðsáætlun

Áhættumat sem rekstraraðili vinnur og byggir viðbragðsáætlun á, skal ná yfir hættu á mengunaróhöppum, þar á meðal vegna kvikasilfurs, ammóníaks og annara hættulegra efna.

Viðbragðsáætlun skal vera tiltæk og skal hún taka á hugsanlegri hættu vegna bráðamengunar sjávar og andrúmslofts og hvenær skuli tilkynna um mengunaróhöpp. Meta skal afleiðingar, þar með talið mengun í sjó og lyktarmengun við óhagstæð veðurskilyrði. Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar. Viðbragðsáætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila og skal hún fullnægja skilyrðum í lögum nr. 33/2004.

4.5 Tilkynning vegna mengunaróhappa

Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna í umhverfið skal þegar í stað gripið til aðgerða skv. viðbragðsáætlun sbr. gr. 4.4, til þess að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfi. Verði bilun í mengunarvarnabúnaði skulu hafnar nauðsynlegar lagfæringar. Tilkynna skal um slík tilvik, önnur óhöpp eða slys í samræmi við viðbragðsáætlun sbr. gr. 4.4.

4.6 Tryggingar

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, allt að 1 milljón SDR, sbr. ákvæði 16. gr. laga nr. 33/2004.

4.7 Eftirlit

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 786/1999. Umhverfisstofnun getur falið öðrum framkvæmd eftirlits í samræmi við ákvæði greina 7.4 og 9.1 í reglugerðinni.

4.8 Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari mengunarmælingar eða efnagreiningar, en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

4.9 Samráðsfundur

Rekstraraðili boðar á 4 ára fresti fulltrúa Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra á samráðsfund. Fyrir fundinn skal rekstraraðili leggja fram yfirlit eða ársskýrslu um þau atriði sem fjallað er um í greinum 3.1, 3.2, 4.1, 4.3, 4.4, 5.1 og 5.2. Á þessum fundum verði m.a. rætt um rekstur mengunarmælinga, niðurstöður mengunarmælinga, nýtingu orku, hugsanlega endurskoðun á starfsleyfi þessu svo og önnur atriði er kynnu að hafa komið upp og fulltrúar áðurnefndra aðila telja ástæðu til þess að ræða. Ofangreindir aðilar geta boðað til samráðsfundar oftast ef ástæða er til.

5 UMHVERFISVÖKTUN

5.1 Vöktunarmælingar

Rekstraraðili skal taka þátt í vöktun á helstu umhverfisþáttum í nágrenni verksmiðjunnar í samræmi við umfang losunar vegna starfseminnar. Fylgjast skal með mengun í sjó. Umhverfisstofnun mun meta þörf á sérstakri vöktunaráætlun hverju sinni eða þátttöku rekstraraðila í sameiginlegum vöktunaráætlunum.

5.2 Aðrar rannsóknir

Aðrar mælingar eða rannsóknir til samanburðar við bakgrunnsrannsóknir sem taldar eru nauðsynlegar af Umhverfisstofnun og rekstraraðila skulu framkvæmdar samkvæmt sérstökum samningi milli þessara aðila.

5.3 Skýrslugjöf

Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun skýrslu um umhverfisvöktun samkvæmt greinum 5.1 og 5.2. Í skýrslunni skal einnig vera samantekt skv. gr. 3.1. Síðasti skiladagur skal vera 1. maí ár hvert fyrir árið á undan.

5.4 Kostnaður

Rekstraraðili skal greiða allan kostnað við rannsóknir á mengun í nágrenni verksmiðjunnar samkvæmt 5. kafla eða sinn hluta af kostnaðinum ef önnur fyrirtæki á svæðinu valda samskonar mengun. Mælingar skulu vera í höndum rekstraraðila eða aðila sem rekstraraðili tilnefni og Umhverfisstofnun samþykkir.

6 ÁKVÆÐI UM FRÁVEITU TIL BRÁÐABIRGÐA

Eigi síðar en 1. ágúst 2012 skal frárennsli veitt í fráveitukerfi Akureyrarbæjar um fyrirhugaða hreinsistöð í Sandgerðisbót. Fram að þeim tíma skal frárennsli frá verksmiðjunni veitt í gegnum bráðabirgðaútrás bæjarins við Krossanes eða aðrar ráðstafanir gerðar í samráði við Akureyrarbæ og þær kynntar Umhverfisstofnun jafnóðum. Verði dráttur á byggingu

hreinsistöðvar skal eigi síðar en 1. desember 2011 leggja fram til Umhverfisstofnunar áætlun um meðhöndlun frárennslis fram að þeim tíma er hreinsistöðin er gangsett.

7 GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð í 2. eftirlitsflokk sbr. tl. 2.6 í I. viðauka í reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda eða kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.

8 GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast þegar gildi og gildir til 31. desember 2021.

Reykjavík 14. júlí 2009

Umhverfisstofnun


Kristín Linda Árnadóttir


Gunnlaug Einarsdóttir

VIÐAUKI

Styrkur og magn efna í fráfrennsli sbr. gr. 2.8. Meðallosun fullbúinnar verksmiðju áður en áætlun skv. gr. 2.13 er lokið.

Tölur í þessum viðauka eru ekki losunarmörk.

Efni	Uppspretta	Magn (kg/ári)	Styrkur (mg/l)
COD	Rafhúðunarlausn	110.400	210
BOD ₅	Rafhúðunarlausn	39.400	75
Svifagnir (TSS)	Rafhúðunarlausn	31.200	60
Fosfór (P)	Framleiðsla	4.560	9,0
Ál (Al)	Rafhúðunarlausn	290	1,0
Natríum (Na)	Jöfnun	111.000	210
Klór (Cl)	Afjónun	92.700	175
Nítur (N)	Rafhúðunarlausn	430	1,0
Brennisteinn (S)	Hreinsun/skolun á fínsíu	31.200	60
Bór (B)	Jöfnun	3.500	7,0
EDTA sölt (*)	Hreinsun/skolun á fínsíu	3.000	6,0

(*) Umhverfisstofnun getur samþykkt að annað verði notað í stað EDTA sbr. grein 2.13.